

MINNISBLAÐ

Sveitarstjóra


DESEMBER



Rangárfing
eystra

Anton Kári Halldórsson

Að venju stikla ég hér á stóru um nokkur af þeim helstu verkefnum sem við hjá Rangárþingi eystra og aðrir í sveitarfélaginu okkar höfum verið að fást við að undanfögnu.



Fjárhagsáætlanagerð 2025

Á þessum fundi sveitarstjórnar í dag liggur fyrir að staðfesta fjárhagsáætlun Rangárþings eystra fyrir árið 2025. Vinna við áætlunina hófst strax að lokum sumarfrís og hafa verið haldnir margir vinnufundir með sveitarstjórn, bygðarráði, forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins. Þessi metnaðarfulla vinna allra aðila skilar sér í vandaðri áætlun sem unnið verður eftir á komandi ári.

Staða sveitarfélagsins er sterk þrátt fyrir umtalsverða uppbyggingu á síðustu árum og ójafnvægi á fjármálamarkaði þar sem helst ber að nefna háa vexti og verðbólgu.

Við erum ört vaxandi sveitarfélag bæði hvað varðar fjölda íbúa og fjárfestingu í innviðum. Það eru miklar áskoranir sem í því felast og viljum við vera í fararbroddi sveitarfélaga á Íslandi þegar kemur að þjónustu við okkar íbúa. Svo að það takist þurfum við að vanda til verka og sýna fram á ábyrgan og stöðugan rekstur sveitarfélagsins í takt við hraða uppbyggingu.

Við erum gríðarlega stolt af okkar flotta mannauði sem tekið hefur þátt í þessari vinnu með okkur og kunnum öllum kærar þakkir fyrir. Síðar á þessum fundi mun ég fjalla nánar um helstu þætti fjárhagsáætlunar Rangárþings eystra 2025.



Fundur með Vegagerðinni

Nú í byrjun desember sátu undirritaður ásamt skipulags- og byggingarfulltrúa fund með Vegagerðinni. Til umræðu á þeim fundi voru fyrirhugaðar framkvæmdir við Vegagerð í sveitarfélaginu okkar. Meðal þess sem fram kom á fundinum var að nú í vetur verður unnin verkhönnun fyrir þjóðveg nr. 1 í gegnum Hvolsvöll.



Undanfarin misseri hefur verið unnið að hönnun vegarins og deiliskipulagi fyrir svæðið. Skv. heimildum frá Vegagerðinni verður verkið framarlega á ósamþykktri Vegaáætlun. Því ber að fagna og styttest þá í að umferðaröryggi vegfarenda á Hvolsvelli muni aukast til muna.

Sveitarstjórnin hefur í áráðir talað fyrir þessum úrbótum og við munum svo sannarlega gera það áfram þar til verkið verður að veruleika. Margar aðrar vegabætur voru ræddar á fundinum, t.d. uppbygging og viðhald héraðsvega, þveranir hrossa á þjóðvegi, framkvæmd á bundnu slitlagi milli Gunnarshólma og Njálsbúðar, sem áætlað er að hefjist vorið 2026.

Þessir samráðsfundir sem við eigum með Vegagerðinni eru nauðsynlegir til að miðla upplýsingum, þrýsta á um framkvæmdir og eiga gott samtal. Minnispunktar af fundinum verða í framhaldi lagðir fram til kynningar fyrir sveitarstjórn.

Útgáfa Goðasteins

Þann 4. desember var útgáfu 60. árgangs Goðasteins, héraðsrits okkar Rangæinga, fagnað í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli. Viðburðurinn var virkilega vel sóttur af íbúum í Rangárvallasýslu.

Höfundar greina í ritinu kynntu greinar sínar með miklum sóma og listamaður Goðasteins árið 2024, Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir, sýndi og sagði frá verkum sínum.

Um var að ræða virkilega skemmtilegan og fróðlegan viðburð, sem að mínu mati gæti vel orðið árlegur. Það er ekki svo langt síðan ég áttaði mig á því hversu dýrmætt þetta rit er fyrir okkar sögu og menningu. Það geymir mikinn fróðleik um ansi margt sem á daga sveitarfélaganna hefur drifið síðastliðin 60 árin.

Kærar þakkir til þeirra sem bera hitann og þungann af útgáfu ritsins og vonandi ber okkur gæfa til að halda áfram svo myndarlega utan um sögu okkar og menningu hér í Rangárþingi. Einnig hvet ég þá sem ekki þekkja til Goðasteins til að kynna sér hann. En nú má nálgast allar útgáfur ritsins inni á timarit.is. Jú og svo að sjálfsögðu eru nýir áskrifendur ávallt velkomnir í hópinn.



Svæðisskipulag Suðurlandis

Þann 29. nóvember staðfesti Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra nýtt svæðisskipulag fyrir Suðurlandið. Það voru mikil gleðitíðindi, þar sem að Skipulagsstofnun hafði lagst gegn því að skipulagið yrði staðfest. Staðfesting ráðherra sannar svo um munar að skipulagsvaldið liggur óumdeilanlega hjá sveitarfélögum landsins.



Að mínu mati er um tímamótaskipulag að ræða. Svæðisskipulagið var unnið í náinni samvinnu 11 sveitarfélaga á Suðurlandi og gekk sú vinna einstaklega vel sem skilar sér í framsýnu og metnaðarfullu skipulagi sveitarfélögunum öllum til heilla. Það er ekki sjálfgefið að slík samstaða náist fyrir svæði af þessari stærðargráðu, það sýnir svo sannarlega hvers megnug við erum þegar við leggjumst á eitt.

Helstu markmið skipulagsins eru að marka stefnu sveitarfélaganna m.a. um gerð og gæði vega á hálendinu, flokkun og uppbyggingu ferðapjónustustaða og verndun landslagsheilda og sérstæðrar náttúru. Lokapunkturinn við staðfestingu svæðisskipulagsins var settur í vikunni þegar ráðherra ásamt fulltrúum sveitarfélaganna undirrituðu skipulagið með pomp og prakt í samgöngusafninu á Skógum. Nú í kjölfarið hefst svo vinna aðildarsveitarfélaganna við að innleiða hið nýja skipulag inn í sín aðalskipulög.

Menningarlíf í Rangárþingi eystra

Í aðdraganda jólahátíðarinnar er menningarlíf í Rangárþingi eystra virkilega blómlegt. Kór Hvolsskóla hélt sína árlegu jólatónleika í Íþróttahúsinu á Hvolsvelli líkt og undanfarin ár. Að venju voru tónleikarnir virkilega vel sóttir og gestir voru leiddir inn í jólin undir hljómfögnum röddum barnakórsins og gesta, vel gert krakkar.



Fjöldinn allur af fjölbreyttum viðburðum hafa verið haldnir og eru á dagskrá svo sem tónleikar, aðventustundir, messur og matarhátíðir. Það er ekki hægt að færa þeim sem að þessum viðburðum og menningarstarfi standa nægjanlegar þakkir fyrir sinn þátt í að gera okkar samfélag að því sem það er.

Ég hugsa að ansi margir séu í sömu hugleiðingum og ég varðandi það að það þyrftu eiginlega að vera fleiri kvöld í aðdraganda jólanna til þess að geta sótt alla þessa frábæru viðburði.

Nýr prestur í Breiðabólstaðarprestakalli

Þann 8. desember var nýr prestur, Sr. Kristján Arason, settur í embætti sóknarprests Breiðabólstaðarprestakalls. Sr. Kristján ásamt fjölskyldu sinni hefur nú sest að á Breiðabólstað og vil ég fyrir hönd sveitarfélagsins bjóða hann ásamt fjölskyldu sinni velkominn í Rangárþing eystra.

Einnig vil ég nýta tækifærið og þakka Sr. Sigríði Kristínu Helgadóttur, fráfaramandi sóknarpresti, fyrir vel unnin störf, góð kynni og óska henni alls hins besta í því sem hún tekur sér fyrir hendur.



Að lokum

Fyrir okkur flest er yndislegur tími fram undan í aðdraganda jólanna og jólahátíðin sjálf. Gleymum þó ekki að hugsa vel um hvert annað og aðstoða þá sem á þurfa að halda. Ég vil þakka sveitarstjórn og öðrum samstarfsmönnum mínum hjá Rangárþingi eystra fyrir frábært samstarf á árinu sem er að líða og hlakka til allra þeirra verkefna sem bíða okkar á komandi ári. F.h. sveitarstjórnar óska ég öllum íbúum Rangárþings eystra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra.

